

Nd.

376. Frumvarp til laga

[191. mál]

um breyting á lögum um félagsheimili, nr. 107 1970.

Flm.: Gunnar Sveinsson, Þórarinn Sigurjónsson, Gunnlaugur Finnsson.

1. gr.

Upphaf 3. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Af tekjum félagsheimilasjóðs skulu 10% renna í menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal því fé varið til að stuðla af menningarstarfsemi á vegum almennra félagsamtaka, svo sem ungmenna- og æskulýðsfélaga, kvenfélaga og annarra menningarsamtaka. Eigi skal styrkveiting bundin því skilyrði, að sú menningarstarfsemi, sem styrkt er, fari fram í félagsheimili, þó slíkt sé æskilegt. Styrkveitingu til menningarstarfsemi o. s. frv.

2. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna komi:

Stjórn félagsheimilasjóðs er í höndum menntamálaráðherra. Veitir hann byggingarstyrki úr sjóðnum samkvæmt tillögum íþróttanefndar, íþróttafulltrúa og deildarstjóra byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar 3 manna nefnd til 3 ára, er geri tillögur um styrki úr menningardeild félagsheimilasjóðs. Skal sú nefnd skipuð tveimur mönnum samkvæmt tilnefningu: einum frá Ungmennafélagi Íslands og Kvenfélagasambandi Íslands, einum frá Bandalagi ísl. listamanna og Bandalagi ísl. leikfélaga. Formann skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndin er ólaunuð. Framkvæmdastjóri nefndarinnar skal vera æskulýðsfulltrúi ríkisins.

Umsóknir um styrki skal senda menntamálaráðuneytinu. Ef um er að ræða umsókn um byggingarstyrk, skal fylgja nákvæm lýsing á húsi því, sem fyrirhugað er að byggja, ásamt greinargerð fyrir þörfinni á félagsheimili á viðkomandi stað og um fyrirhugaða notkun þess. Sé sótt um styrk úr menningardeild félagsheimilasjóðs, skal gerð nákvæm grein fyrir, hvernig fyrirhugað er að verja styrknum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lögð til að gerð verði á lögum um félagsheimili, á aðallega við um menningarsjóð félagsheimila og felur í sér þrjár meginbreytingar.

Í fyrsta lagi er lagt til að sá hluti sjóðsins, er veitir fé til menningarmála, sé kallaður menningardeild félagsheimilasjóðs og til úthlutunar úr menningardeild sjóðsins skipi ráðherra 3 manna nefnd.

Í öðru lagi sé það ekki bundið í lögum að styrkveitingar gangi til ákveðinna húsa, heldur sé styrkurinn veittur til félagssamtaka.

Í þriðja lagi er lagt til að æskulýðsfulltrúi ríkisins verði framkvæmdastjóri og starfsmaður þeirrar nefndar, er sér um úthlutun úr menningardeild sjóðsins.

Með þessum breytingum er stefnt að því, að menningarsjóðurinn komi betur að þeim notum er honum var ætlað í byrjun, en í reglum um menningarsjóðinn frá 1. mars 1972 segir m. a., að sjóðurinn skuli stuðla að flutningi á leikhúsvörkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám og listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningum og annarri menningarstarfsemi.

Á fundi, er menntamálaráðuneytið boðaði til 8. des. 1975 að Hótel Sögu, voru málefni sjóðsins rædd og gerðar áætlanir um starfrækslu sjóðsins. Á þeim fundi, þar sem mættir voru 32 fulltrúar félagsheimila, ráðuneytis og félagssamtaka, kom berlega í ljós, að mikil þörf væri á nánari kynningu á störfum sjóðsins, og var forráðamönnum félagsheimila ekki nógu ljóst hvernig þeir gætu notfært sér hann.

Tekjur sjóðsins hafa verið sem hér segir:

1970—1974	kr. 11 529 544
1975	— 5 259 400
1976	— 7 232 400
1977	— 8 100 402

og á árinu 1978 má gera ráð fyrir nærri 10 milljónum króna.

Aðalgalli við það fyrirkomulag, sem verið hefur á rekstri sjóðsins, er að hann hefur ekki verið í neinum tengslum við þá aðila er njóta áttu styrkja úr honum, þ. e. a. s. almenna félagsstarfsemi í landinu.

Einnig hafa háð starfsemi sjóðsins þau ákvæði í lögum að miða styrkveitingu við hús, en ekki félagssamtök.

Með því, að almenn félagssamtök fái aðild að starfsemi sjóðsins á þann hátt sem hér er lagt til og æskulýðsfulltrúi verði starfsmaður hans, er það von flutningsmanna, að starfsemi sjóðsins muni aukast og komast í það horf, er ætlað var í byrjun, og að betra samband skapist milli ráðamanna sjóðsins og félagssamtaka í landinu.